

# Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 30. september kl. 09:10, var haldinn 120. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, S. Björn Blöndal, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Júlíus Vífill Ingvarsson, Áslaug María Friðriksdóttir og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Bjarnason, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

## Þetta gerðist:

### (D) Ýmis mál

1. **Betri Reykjavík, bílaleiga þjónusta** Mál nr. US150188  
(USK2015090012)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „bílaleiga þjónusta“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 3. september 2015. Erindið var efsta hugmynd ágústmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum ýmislegt. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 17. september 2015.  
*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 17. september 2015 samþykkt.*

2. **Betri Reykjavík, gangbrautarljós í** Mál nr. US150159  
*Borgartún* (USK2015060082)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „gangbrautarljós í Borgartún“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. júní 2015. Erindið var önnur efsta hugmynd júnímánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efsta hugmyndin í málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 15. september 2015.  
*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 15. september 2015 samþykkt.*

Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi tekur sæti á fundinum kl. 9:25.

3. **Betri Reykjavík, fækka umferðarljósum á** Mál nr. US150193  
*stofnæðum borgarinnar* (USK2015090017)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „fækka umferðarljósum á stofnæðum borgarinnar“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 3. september 2015. Erindið var fimmta efsta hugmynd ágústmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 17. september 2015.  
*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 17. september 2015 samþykkt.*

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

4. **Laugardalur, Secret Solstice,** Mál nr. US150202  
(USK2015090001)  
440299-2969 Solstice Productions ehf., Síðumúla 1, 101 Reykjavík  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram orðsending skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. september 2015, þar sem vísað er til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs erindi Solstice Productions ehf. ódags. um Secret Solstice festirval. Einnig er óskað eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um þann þátt sem snýr að borgarráði. Óskað er eftir að umsögnin berist inn þriggja vikna. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 23. september 2015.

*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 23. september 2015 samþykkt.  
Vísad til borgarráðs.*

*Guðmundur Vignir Óskarsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

5. **Tillaga umhverfis og skipulagsráðs** Mál nr. US150197  
**varðandi landnotkunarheimildir,**  
*landnotkunarheimildir í miðborg Reykjavíkur*

Lögð fram eftirfarandi tillaga umhverfis- og skipulagsráðs  
"Umhverfis- og skipulagssviði er falið að leita leiða til að takmarka breytingar á landnotkunarheimildum í miðborg Reykjavíkur til að koma í veg fyrir að íbúðir víki fyrir annari stafssemi. Er það rökrétt framhald af kvótasetningu á hlutfall gistirýma af heildarfermetrafjölda í deiliskipulagi Kvosarinnar. Umhverfis- og skipulagssvið skili tillögum þar að lútandi til umhverfis- og skipulagsráðs."

*Samþykkt.*

*Vísad til meðferðar skipulagsfulltrúa.*

6. **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US150121  
*beiðni um upplýsingar um loftgæði og samanagerð við aðrar borgir.*

Á fundi umhverfis og skipulagsráðs 10. júní 2015 var lögð fram beiðni fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Júlíusar Vífils Ingvarssonar og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur um upplýsingar um loftgæði og samanagerð við aðrar borgir.

Mikilvægt er að leita leiða til þess að minnka svifryk í borginni. Margvíslegar aðgerðir annarra borga til að halda niðri loftmengun geta átt við hér og skilað árangri. Óskað er eftir upplýsingum um loftmengun annarra borga á norðlægum slóðum og samanagerður gerður á loftmengun í Reykjavík. Hvernig hafa þær borgir, sem upplýsingar verða fengnar frá, brugðist við loftmengun og hvaða árangri hefur það skilað? Eru aðferðir við mælingar á loftgæðum í Reykjavík sambærilegar við mælingar annarra borga? Skoðað verði hvort orsök og samsetning mengunar annarra borga sé sambærileg við orsök og samsetningu mengunar í Reykjavík? Hver er þáttur samgangna í menguninni? Hvaða áhrif hafa opin svæði nærri byggð og opnir grunnar? Lítið verði m.a. til þess hvernig hreinsun gatna er háttad og hvaða aðferðir eru notaðar við það verkefni. Einnig er lagt fram svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 14. september 2015.

*Kristín Lóa Ólafsdóttir og Svava Svanborg Steinarsdóttir verkefnastjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.*

#### (A) Skipulagsmál

7. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa** Mál nr. SN010070  
**Reykjavíkur, fundargerð**

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 25. september 2015.

8. **Akurholt í Úlfarsfellslandi, deiliskipulag** (02.6) Mál nr. SN150565  
250875-2909 Hanna Björk Kristinsdóttir, Freyjubrunnur 26, 113 Reykjavík

Lögð fram umsókn Hönnu Bjarkar Kristinsdóttur, mótt. 25. ágúst 2015, um deiliskipulag fyrir Akurholt í Úlfarsfellslandi. Í tillögunni felst að skilmáli landnotkunar heimili rekstur gistiskála í flokki II, veitingasölu og hestaleigu, samkvæmt uppdr. Böðvars Páls Jónssonar arkitekts, dags. 10. ágúst 2015.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

9. **Kjalarnes, Melavellir, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN150181  
471103-2330 Matfugl ehf., Völuteigi 2, 270 Mosfellsbær  
500191-1049 Arkþing ehf, Bolholti 8, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Matfugls ehf., dags. 27. mars 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Melavellir á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir alifuglahús, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 4. mars 2015. Einnig er lagt fram bréf Stefáns Geirs Þórissonar hrl. f.h. Matfugls ehf. dags. 16. mars 2015 og umhverfisskýrsla verkfræðistofunnar Eflu, dags. 15. apríl 2015. Jafnframt er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlitsins, dags. 2. júní 2015. Tillagan var auglýst frá 30. júní 2015 til og með 12. ágúst 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson, dags. 10. ágúst 2015 og hverfisráð Kjalarness, dags. 12. ágúst 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2015.

*Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2015.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

10. **Kjalarvogur 12, breyting á deiliskipulagi** (01.42) Mál nr. SN150209  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf Faxaflóahafna s.f. dags. 13. apríl 2015 ásamt tillögu THG Arkitekta ehf. dags. 10. apríl 2015 að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 12 við Kjalarvog. Einnig er lögð fram afstöðumynd og snið dags. 27. ágúst 2015.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

11. **Gamla höfnin - Vesturbugt, breyting á deiliskipulagi** (01.0) Mál nr. SN150499

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar, Gömlu hafnarinnar. Í breytingunni felst fjölgun íbúða samkvæmt uppdr. Alark arkitekta ehf., dags. 8. júlí 2013 síðast breyttur 25. september 2015. Einnig er lagt fram erindisbréf Borgarstjóra vegna skipunar stýrihóps um verkefnið.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.,*

*Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir greiðir atkvæði á móti.*

*Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

12. **Rauðagerði, breyting á deiliskipulagi** (01.82) Mál nr. SN150267

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Rauðagerðis. Í breytingunni felst að fækka gestabílastæðum úr tveimur í eitt og færa bílastæðið á annan stað í botnlanga götunnar, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. maí 2015. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. júní til og með 3. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Draupnir lögfr. f.h. Sigþórs Sigurjónssonar, dags. 16. júní 2015, ásamt viðbótargögnum, Guðrún Guðjónsdóttir og Benedikt Þórisson, dags. 30. júní 2015, Helgi K. Pálsson, dags. 3. júlí 2015, undirskrift íbúa að Rauðagerði 41 - 59 sem fengu sent kynningarbréf, dags. 29. júní 2015 og Guðmundur G. Þórarinsson, dags. 2. júlí 2015. Eftir að athugasemdarfresti lauk barst athugasemd Lausna ehf. f.h. Helga K. Pálssonar, dags. 10. júlí 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. september 2015.

*Umhverfis- og skipulagráð fellst ekki á breytinguna með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. september 2015 samþykkt. .*

*Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

13. **Sigtún 38 og 40, Sigtúnsreitir, breyting á deiliskipulagi** (01.366.0) Mál nr. SN150236

450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík  
630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 38, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Íslandshótel hf., dags. 28. apríl 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 38 og 40 við Sigtún. Í breytingunni felst að lóð nr. 38 er stækkuð og heimiluð er aukin uppbygging hótels á henni og lóð nr. 40 er minnkuð og heimiluð er uppbygging íbúðarhúsa í sex byggingum á henni í stað gróðurakála. Skrifaðir eru nýir sérskilmálar fyrir báðar lóðirnar miðað við breytta uppbyggingu. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Atelier Arkitekta slf., dags. apríl 2015. Tillagan var auglýst frá 29. maí 2015 til og með 10. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Helga Ágústsdóttir, dags. 3. júní 2015, Jón Viðar Gunnarsson, dags. 4. júní 2015 og Salvör Gissurardóttir, dags. 11. júní 2015, Halla Sif Guðlaugsdóttir, dags. 7. júlí 2015, Hildur Bjarnadóttir, dags. 7. júlí 2015, Hjörtur Þór Hauksson, dags. 7. júlí 2015, Anna Halldóra Þórðardóttir, dags. 7. júlí 2015, Þórhallur Jóhannesson, dags. 7. júlí 2015, Axel Eiríksson og Stefanía Sigurjónsdóttir, dags. 8. júlí 2015, Verkfræðingafélag Íslands Árni B. Björnsson, dags. 9. júlí 2015, Kristbjörn Helgason, dags. 9. júlí 2015, Málfríður Kristjánsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Elísabet Magnúsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Jesús Rodríguez, dags. 9. júlí 2015, Inga María Leifsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Jón Ágúst Eiríksson, dags. 9. júlí 2015, Sigrún Drífa Jónsdóttir og Árni Sören Ægisson, dags. 9. júlí 2015, Karl Frank Sigurðsson, dags. 9. júlí 2015, Svala Bryndís Jónsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Hjalti Þórisson og Guðrún Björk Tómsdóttir, dags. 9. júlí 2015, Jón V. Gunnarsson, dags. 10. júlí 2015, undirskriftalisti 336 íbúa, dags. 9. júlí 2015, Bjarney Jónsdóttir og Guðrún Einarsdóttir, dags. 9. júlí 2015, íbúasamtök Laugardals dags. 10. júlí 2015, Haukur Karlsson og Áslaug Karlsdóttir, dags. 10. júlí 2015, Ásgeir Björgvinsson og Þórhildur Þórhallsdóttir, dags. 13. júlí 2015, Ásgeir Jónsson og Gerður Bolladóttir, dags. 13. júlí 2015, Birkir Fjalar Viðarsson, dags. 13. júlí 2015, Heiðlóa Ásvaldsdóttir, dags. 13. júlí 2015 og Landssamtök hjólreiðarmanna, dags. 13. júlí 2015. Einnig er lögð fram umsögn hverfisráðs Laugardals, dags. 23. júní 2015 og umsögn/svar skóla og frístundasviðs, ódags.

*Athugasemdir kynntar.*

*Umhverfis og skipulagsráð leggur fram eftirfarandi tillögu:*

*“Umhverfis- og skipulagsráð felur umhverfis og skipulagssviði að halda upplýsingafund um deiliskipulag við Sigtún. Fjölmargar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu um fyrirhugaða uppbyggingu á reitnum þar sem áður var verslunin Blómaval. Skýrar athugasemdir hafa borist um grunn- og leikskólamál, byggingarmagn, umhverfissgæði, yfirbragð byggðar, umferðarmál og fleira.*

*Nú liggja fyrir útarleg svör og viðbrögð við framkomnum athugasemdum sem mikilvægt er að farið verði vel yfir með hagsmunaaðilum. Greint verði frá helstu athugasemdum sem fram hafi komið og viðbrögðum við þeim. Farið verði yfir breytingar sem gerðar hafa verið til að mæta athugasemdum íbúa.”*

*Tillaga umhverfis- og skipulagsráðs samþykkt.*

*Vísað til meðferðar skipulagsfulltrúa.*

*Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

14. **Baldursgata 32 og 34, breyting á** (01.186.3) Mál nr. SN130462  
*deiliskipulagi*  
550305-0380 Reir ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Reir ehf. dags. 27. september 2013 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.186.3 vegna lóðanna nr. 32 og 34 við Baldursgötu. Í breytingunni felst hækkun á mæni hússins að Baldursgötu 32 og hækkun á þakbrún hússins að Baldursgötu 34, samkvæmt uppd. Arkþings dags. 27. september 2013. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. október 2013 til og með 6. nóvember 2013. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Guðríður Jóhannesdóttir dags. 8. október og 5. nóvember 2013, Kári Sölmundarson dags. 14. október 2013, Þorsteinn Haraldsson og Lára V. Júlíusdóttir dags. 30. október 2013, Sigurbjörn Þorkelsson framkvæmdastjóri Capital ehf. dags. 4. nóvember 2013, Steinunn Jóhannesdóttir og Einar Karl Haraldsson, dags. 6. nóvember 2013 og Lilja Gunnarsdóttir og Eyjólfur Ingi Ásgeirsson, dags. 6. nóvember 2013. Einnig er lagt fram samþykki 12 hagsmunaaðila mótt. 6. nóvember 2013 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. nóvember 2013.

Málið var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 4. desember 2013 en er nú lagt fram að nýju ásamt úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 22. september 2015 þar sem kæru var vísað frá þar sem ekki hafi verið um lokaákvörðun að ræða í skilningi 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga

*Vísað til borgarráðs.*

15. **Örfirisey, deiliskipulag** (01.1) Mál nr. SN140611  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju bréf Faxaflóahafna sf. dags. 14. nóvember 2014 ásamt tillögu Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 11. nóvember 2014 að deiliskipulagi Örfiriseyjar. Á fundi skipulagsfulltrúa 10. apríl 2015 var tillögunni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt bréfi Faxaflóahafna dags. 29. júní 2015 og breyttum deiliskipulagsuppdráttum dags. 24. júní 2015. Tillagan var auglýst frá 20. júlí til og með 31. ágúst 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Íbúasamtök Vesturbæjar, dags. 31. ágúst 2015, GP arkitektar f.h. eigenda Fiskislóðar 31, dags. 26. ágúst 2015, Berglind Svavarsdóttir og Jón Ármann Guðjónsson f.h. Lindbergs ehf., dags. 25. ágúst 2015, Kjartan Rafnsson f.h. S.K.Ó., dags. 31. ágúst 2015 og Guðjón Sverrir Rafnsson f.h. Miðfells ehf., dags. 31. ágúst 2015.

*Frestað.*

*Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

## **(B) Byggingarmál**

16. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423

## Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 844 frá 29. september 2015.

### (F) Framkvæmdir og frumathuganir

17. **Vistvæn vottun bygginga** Mál nr. US150198  
**Reykjavíkurborgar, (USK2014120009)**

Lagt fram bréf Umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra frumathugana mannvirkjagerðar á skrifstofu skipulags, byggingar og borgarhönnunar, dags. 19. desember 2014 ásamt skýrslu starfshóps um umhverfisvottunarhverfi fyrir byggingar Reykjavíkurborgar, dags. desember 2014.

*Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs frá 23. september 2015.*

*Rétt bókun er:*

*Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19 desember 2014 samþykkt.*

*Vísað til borgarráðs.*

### (D) Ýmis mál

18. **Umhverfis- og skipulagsráð, náms- og** Mál nr. US150157  
**kynnisferð 2015**

Kynnt náms- og kynnisferð umhverfis- og skipulagsráðs til Svíþjóðar og Finnlands í september 2015.

*Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi vikur af fundi kl. 13:45*

19. **Landsskipulagsstefna 2015-2026, tillaga** Mál nr. SN150014  
590269-5149 Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. september 2015, þar sem erindi frá umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 23. september 2015, þar sem óskað er eftir umsögn á tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016 er vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 28. september 2015.

*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 28. september 2015 samþykkt.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífil Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka eftirfarandi:*

*“Í Landsskipulagsstefnu stendur: „Þar til samkomulag ríkis og Reykjavíkurborgar liggur fyrir um annað miðast landsskipulagsstefna við núverandi staðsetningu Reykjavíkurflugvalla..“ Ekki er ástæða til þess að gera athugasemd við stefnuna að þessu leyti enda einfaldlega raunsætt mat.*

*Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins. .*

*Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

20. **Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir** Mál nr. US130118  
**innkaup**

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í júlí 2015.

21. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US130185

*mánaðaruppgjör janúar til október 2014*

Kynnt uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs ES og RK fyrir janúar til júlí 2015.

22. **Hringbraut 73, kæra 31/2015, umsögn** (01.540.0) Mál nr. SN150554  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 8. maí 2015 ásamt kærðu þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúans í Reykjavík á að beita þvingunarúrræðum vegna framkvæmda í geymsluherbergi í fjölbýlishúsinu á lóð nr. 73 við Hringbraut. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 23. september 2015.

23. **Borgartún 28, kæra 46/2015, umsögn** (01.230.1) Mál nr. SN150345  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 15. júní 2015 ásamt kærðu vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 28 við Borgartún. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 15. september 2015.

24. **Baldursgata 32 og 34, kæra 1/2014, umsögn, úrskurður** (01.186.3) Mál nr. SN140011  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 8. janúar 2013 ásamt kærðu dags. 5. janúar 2014 þar sem kærð er samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs 27. nóvember 2013 á deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 32 og 34 við Baldursgötu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 14. febrúar 2014. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 22. september 2015.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

25. **Langholtsvegur/Drekavogur, kæra 115/2008, umsögn, úrskurður** (01.414.0) Mál nr. SN090090  
621299-4179 Úrskurðarnefnd skipul/byggmál, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála dags. 4. mars 2009 ásamt kærðu þar sem kærð er samþykkt deiliskipulags fyrir Langholtsveg /Drekavog. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 7. apríl 2015. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 24. september 2015.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs frá 16. október 2008 um að samþykkja deiliskipulag fyrir Langholtsveg /Drekavog.

26. **Keilugrandi/Bodagrundi/Fjörugrandi, breyting á deiliskipulagi** (01.513.3) Mál nr. SN150467  
130473-5559 Jón Valgeir Björnsson, Brávallagata 4, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 18. september 2015, vegna samþykktar borgarráðs 17. september 2015 á verklýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi lóðanna nr. 1 við Keilugranda, Fjörugranda og sléttra talna við Bodagranda.

27. **Stangarholt 3-11, deiliskipulag** (01.246.1) Mál nr. SN150006

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 18. september 2015, vegna samþykktar borgarráðs 17. september 2015 á auglýsingu um tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3-11 við Stangarholt.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 14:30.**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson \_\_\_\_\_

S. Björn Blöndal \_\_\_\_\_

Sverrir Bollason \_\_\_\_\_

Gísli Garðarsson \_\_\_\_\_

Júlíus Vífill Ingvarsson \_\_\_\_\_

Áslaug María Friðriksdóttir \_\_\_\_\_

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir \_\_\_\_\_



## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2015, þriðjudaginn 29. september kl. 10:05 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 844. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Óskar Torfi Þorvaldsson, Eva Geirsdóttir, Harri Ormarsson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Mátsson, Björn Kristleifsson og Jón Hafberg Björnsson

Fundarritari var Harri Ormarsson

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- Brautarholt 4-4A** (01.241.203) 103021 Mál nr. BN049567  
680504-2880 PK-Arkitektar ehf., Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofuhúsnæði á jarðhæð, rými 0101 og að hluta til á 2. hæð í rými 0201, komið er fyrir svölum á suðurhlíð, núverandi stigi fjarlægður og nýr stigi, opna á milli hæða og stækka húsið með því að taka í notkun innskot á norðurhlíð í húsinu á lóð nr. 4 við Brautarholt.  
Samþykki meðlóðarhafa á 4 og sumra meðlóðarhafa á 4A Brautarholt dags. apríl 2015  
Stækkun: 6 ferm., 19,2 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*
- Dragháls 18-26** (04.304.304) 111022 Mál nr. BN050004  
480714-2100 Lóuping ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 1. og 2. hæð og sótt er um að byggja 3. hæð ofaná hús á lóð nr. 18-26 og 17-25 við Dragháls / Fossháls.  
Stækkun: XX ferm og XX rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
- Eggertsgata 2-34** (01.634.-99) 106682 Mál nr. BN049710  
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að gera breytingu á 1. og 2. hæð þannig að geymslur verða færðar og endurbyggðar, afmörkuð verða svæði fyrir kerrur og vagna og anddyri á 1. hæð verður stækkað í fjölbýlishúsinu hjá Félagsstofnun Stúdenta á lóð nr. 2-4 við Eggertsgötu.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
- Egilsgata 30** (01.195.103) 102583 Mál nr. BN049663  
131273-5339 Regína Bjarnadóttir, Egilsgata 30, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á einbýlishús á lóð nr. 30 við Egilsgötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslu skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2016 fylgir erindinu. Erindi var grenndarkynnt frá 24. júlí til og með 22. ágúst 2015. Engar athugasemdir bárust.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

5. **Fannafold 217-217A** (02.852.203) 109992 Mál nr. BN049883  
010847-3039 Agnar G Árnason, Frostafold 93, 112 Reykjavík  
100651-2389 Tryggvi Baldursson, Fannafold 217, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri stækkun á sólskála við vesturhlið hússins nr. 217 á lóð nr. 217-217A við Fannafold.  
Stækkun sólskála er: 6,1 ferm., 89,2 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.*
6. **Fákafen 11** (01.463.402) 105679 Mál nr. BN048803  
570791-1099 Húsfélagið Fákafeni 11, Fákafeni 11, 108 Reykjavík  
420908-1560 ÞEJ fasteignir ehf, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík  
Sótt er um samþykki á áður gerðum breytingum og fjölgun eigna í húsi á lóð nr. 11 við Fákafen.  
Meðfylgjandi er tölvupóstur dags. 12. október 2012, bréf hönnuðar dags. 27. janúar 2015, og annað dags. 13. febrúar 2015 og enn annað dags. 26.2. 2015 og bréf hönnuðar dags.24. mars 2015  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.*
7. **Grandagarður 15-37** (01.115.001) 100045 Mál nr. BN049986  
450187-2089 Tilefni ehf., Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, sjá erindi BN049692, þannig að bakrými minnkar þar sem hætt er við kæli og ræsting færirst í núverandi inntaksrými í húsi nr. 19 á lóð nr. 15-37 við Grandagarð.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*
8. **Grandagarður 2** (01.115.301) 100058 Mál nr. BN049778  
520911-1700 Bismarck ehf., Grandagarði 2, 101 Reykjavík  
621102-2220 Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046056 þannig að veitingahús verður í flokki II í húsi á lóð nr. 2 við Grandagarð.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
9. **Grensásvegur 12** (01.295.406) 103853 Mál nr. BN050003  
561208-0690 Karl Mikli ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta þaki á mhl. 02 og hækka til austurs og innréttu gistiheimili með 27 herbergjum á lóð nr. 12 við Grensásveg.  
Stækkun: 74 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

10. **Grensásvegur 50** (01.802.509) 107715 Mál nr. BN050002  
 030831-3499 Skúli Magnússon, Lækjarás 2, 110 Reykjavík  
 250865-5039 Hilmar Magnússon, Hæðarsel 4, 109 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri heilsumiðstöð í mhl. 01 á 2. hæð í húsinu á lóð nr. 50 við Grensásveg.  
 Þinglýst skipunarbréf dags. 14. mars. 2014 fylgir.  
 Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*
11. **Grettisgata 19B** (01.172.229) 101483 Mál nr. BN049855  
 630513-1460 Lantan ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að innrétta kaffistofu starfsfólks í Sandholtsbakaríi á 1. hæð í húsi á lóð nr. 19B við Grettisgötu.  
 Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*
12. **Grjótasel 5** (04.933.707) 112875 Mál nr. BN050008  
 130276-3509 Birgir Guðmundsson, Grjótasel 5, 109 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna eignaskiptasamnings fyrir húsið og gerð sérafnotareit fyrir íbúð 0001 og 0101 á lóð nr. 5 við Grjótasel.  
 Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*
13. **Haukshólar 6** (04.643.006) 111921 Mál nr. BN050009  
 180569-4059 Benedikt Helgason, Sviss, Sótt er um leyfi til að taka í notkun óuppfyllt sökkulrými sem mun tilheyra íbúð 0201 og opna upp í íbúðina í húsi á lóð nr. 6 við Haukshóla.  
 Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
14. **Heiðargerði 21** (01.801.102) 107610 Mál nr. BN050005  
 240575-5749 Björn Brynjúlfsson, Heiðargerði 21, 108 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að byggja við austur- og vesturhlið úr steinsteypu, einangrað að utan, klætt standandi timburklæðningu hús á lóð nr. 21 við Heiðargerði  
 Stækkun: 39,5 ferm., 118,5 rúmm.  
 Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
15. **Hlíðarendi 1-7** (01.629.502) 220839 Mál nr. BN050011  
 491299-2239 Valsmenn hf., Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík  
 Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu og aðstöðusköpun á lóðinni nr. 1-7 að Hlíðarenda, sjá erindi BN048979 sem samþykkt var 09.06.2015.  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
